

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Matíss ohf.

I.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun forstjóra Matíss ohf. heyrir undir kjararáð.

II.

Með bréfi dagsettu 12. júlí 2012 var forstjóra Matíss ohf. tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka fjölda mánaðarlegra eininga forstjóra Matíss ohf. til skoðunar. Í bréfinu kom fram að meginmarkmið hennar væri að draga enn frekar úr innbyrðis ósamræmi í launum þeirra sem heyra undir kjararáð. Einnig yrði einingaverð hækkað og yrði hið sama og hjá öðrum þeim sem undir ráðið heyra. Mánaðarlegum einingum yrði fækkað á mótí. Með bréfinu var forstjóra Matíss ohf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið í tilefni af fyrirhugaðri launaákvörðun, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Með bréfum dagsettum sama dag var fjármálaráðuneytinu, sjávarútvegs- og landbúnaðar- ráðuneytinu og stjórn Matíss ohf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 13. ágúst 2012 segir að með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 hafi launum þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, verið breytt þannig að þau færu sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Einnig hefði viðmiðunarverð á einingum vegna sama hóps breyst. Einingaverð þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 hafi hins vegar verið óbreytt. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör forstjóra Matíss ohf.

Í tölvubréfi forstjóra dagsettu 20. ágúst 2012 hvetur hann kjararáð til að kynna sér aukið umfang starfsemi Matíss ohf. síðastliðin ár. Frá því kjararáð hafi úrskurðað um launakjör forstjórans hafi starfsstöðvum fjölgað, velta aukist verulega og starfsmönnum séu nú fleiri en áður. Fram kemur að rekstur hafi verið ábyrgur, lítilsháttar hagnaður hafi náðst þrátt fyrir verulegan niðurskurð á þjónustusamningi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Þá kemur fram að nærri 25% tekna komi erlendis frá á árinu 2012 en þar sé um talsverða aukningu að ræða.

Með bréfi dagsettu 25. september 2012 fékk forstjóri Matíss ohf. sent bréf fjármálaráðuneytisins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess.

Í tölvubréfi forstjórans dagsettu 8. október 2012 bendir hann á mikilvægi þess að starfskjör hans og annarra starfsmanna séu sambærileg kjörum starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Matíss ohf. gegni lykilhlutverki í þekkingarsköpun í íslenskum matvælaíðnaði enda sé hlutverk félagsins að stuðla að aukinni verðmætasköpun og bættu matvælaöryggi. Slíkt verði eingöngu gert með því að hafa starfsfólk sem fyrirtæki í matvælaframleiðslu og þjónustuvið matvælaíðnað geti leitað til um sérþekkingu. Starfsfólk sem búi yfir sérþekkingu í

kröfuhörðum útflutnings- og hátækniðnaði eins og íslensk matvælaframleiðsla sé orðin í dag, sé eftirsótt.

Kjararáði barst bréf stjórnar Matíss ohf. dagsett 22. nóvember 2012. Í bréfinu er gerð grein fyrir starfsemi félagsins og hverjar breytingar hafi orðið frá því kjararáð ákvað forstjóranum laun. Verkefni, skyldur og ábyrgð forstjóra Matíss ohf. og félagsins sjálfs hafi aukist töluvert á síðustu misserum. Kemur fram í bréfinu að á árinu 2011 hafi ný matvælalöggjöf verið innleidd á Íslandi, mun umfangsmeiri löggjöf en áður hafi verið í gildi. Hún byggir á evrópsku matvælalöggjöfinni og tengist skyldum Íslands vegna EES-samningsins. Lögin feli í sér auknar kröfur um þjónustu við opinbera eftirlitsaðila, svo sem Matvælastofnun. Hjá Matís ohf. starfi fjöldi sérfræðinga á sviði matvælaöryggis, efna- og örverumælinga, greiningu erfðabreyttra matvæla og áhættumats. Innan Matíss ohf. hafi verið byggt upp öflugt gæðakerfi og faggildar rannsóknaraðferðir en slíkt sé forsenda þess að tilnefna megi tilvísunarrannsóknarstofur (National Reference Laboratory, NRL) en slík tilnefning sé lögboðin krafa eftir innleiðingu matvælalöggjafarinnar á Íslandi. Tilvísunarrannsóknarstofum beri að beita faggildum greiningaraðferðum, þróa og veita upplýsingar um aðferðir og beitingu þeirra, auk þess að veita stjórnvöldum vísinda- og tækniástoð, einkum í þeim tilvikum þar sem niðurstöður greininga séu véfengdar. Kemur fram í bréfinu að Matvælastofnun hafi lagt til að Matís ohf. gegni hlutverki tilvísunarrannsóknarstofu á sex af fimmtán fagsviðum sem stofnunin geri tillögu um samkvæmt viðauka VII við reglugerð nr. 106/2010. Viðræður standi yfir við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið en uppbygging tilvísunarrannsóknarstofa kalli á uppbyggingu á flóknum tækjabúnaði, faggildingu fleiri mælinga og sérhæfðara starfsfólks.

Í bréfi stjórnarinnar kemur einnig fram að rekstur félagsins sé traustur. Velta hafi aukist um rúm 60% frá stofnárinu 2007 og um tæpan fjórðung frá árinu 2009. Þá sé skipting tekna Matíss ohf. ólík skiptingu flestra ríkisstofnana en félaginu hafi tekist að auka hlut sértekna umtalsvert á síðustu árum. Sérstaklega hafi hlutur erlendra tekna aukist mikið. Bein framlög úr þjónustusamningi við ríkið hafi á hinn bóginn dregist mikið saman og verði á árinu 2012 einungis 30% af heildartekjum félagsins.

III.

Hlutfélagið Matís ohf. tók til starfa 1. janúar 2007 á grundvelli laga um stofnun Matvælarannsóknna hf. nr. 68/2006. Í lögnum er ríkisstjórninni veitt heimild til þess að stofna hlutfélag um rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar. Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknnum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu. Samkvæmt lögnum er Matvælarannsóknnum hf. skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu á sviði matvælarannsóknna. Félaginu er jafnframt skylt að framkvæma rannsóknir vegna matvælaeftirlits á vegum hins opinbera.

Á heimasíðu Matíss ohf. kemur fram að helstu markmið félagsins séu að efla nýsköpun og auka verðmæti matvæla, stuðla að öryggi þeirra, stunda öflugt þróunar- og rannsóknarstarf og efla samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu á alþjóðlegum vettvangi. Helstu verkefni Matíss ohf. tengjast vöruþróun, fiskeldi, vinnslutækni, framleiðslutækni, rekjanleika, aðfangastjórnun, þjónustumælingum, umhverfismálum, erfðatækni og líftækni.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í

Þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal forstjóra Matíss ohf. Jafnframt var svo kveðið á í lögnum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljóttast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað forstjóra Matíss ohf. laun sama dag. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun hans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom einnig fram að hún gildi fyrir þann sem þá gegndi starfi forstjóra. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áðurnefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaust milli þeirra sem heyrdi undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögnum.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að einingaverð hjá forstjóra Matíss ohf. hækki og verði hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra. Frá því forstjóranum voru síðast ákveðin laun hefur starfsstöðvum fjölgað og starfsemin er nú umfangsmeiri en áður. Aukið umfang starfseminnar endurspeglast í heildarlaunum þeim sem kjararáð ákveður.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001 sem gilda um laun og starfskjör forstjóra Matíss ohf.

Laun og starfskjör forstjóra Matíss ohf. skulu vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun forstjóra Matíss ohf. vera samkvæmt launaflokki 502-135, nú 764.558 krónur. Að auki skal greiða honum 47 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson